



Þingskjal nr. xx

Flytjandi Hestamannafélaginu Sleipni

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að

- a. reiðvegir verði á höndum sveitarfélaga eins og göngu og hjólastígar í samráði og samvinnu við hmf. Hér er tilgangurinn að í skipulagsvinnu verði að taka tillit til reiðvega, bæði þeirra sem eru fyrir og þeirra sem þarf að bæta við í framtíðinni.
- b. LH beiti sér fyrir því að samþykktar verði samræmdar reglur um skyldur sveitarfélaga til að merkja reiðvegi sbr. göngu og hjólastíga.
- c. LH beiti sér fyrir lögbindingu fjarlægðar reiðvega frá akvegum útfrá gerð vegar, ökuhraða og umferðarpunga. Mikilvægt er að taka inn í fjárhagsáætlun framkvæmdar, þegar akvegur er breikkaður, að færa þarf reiðveg á sama tíma og framkvæmt er. Reynslan sýnir að ekki er farið eftir þessu þrátt fyrir samkomulag við Vegagerðina og að til séu leiðbeinandi reglur.

Greinargerð

Tilgangurinn er að þingið móti tillögu sem kemur þeirri ábyrgð til sveitarfélaga að taka reiðvegi inn í skipulagsvinnu, bæði aðal og deiliskipulags. Oft eru reiðvegir felldir út af aðalskipulagi án samráðs við hestamannafélögin sem þó eru aðal hagsmunaaðilinn.